



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÞÚÐARKVEÐJA VEGNA ANDLÁTS MANDELA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í morgun Jacob Zuma, forseta Suður-Afríku, samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna andláts Nelsons Mandela, fyrsta lýðræðislega kjörna forseta Suður-Afríku.

Í kveðjunni minnst forseti friðsamlegrar og árangursríkrar mannréttindabaráttu sem Mandela veitti forystu og hafði djúpstæð áhrif um allan heim. Nelson Mandela markaði djúp spor í baráttunni fyrir jafnrétti allra manna og verður minnst fyrir óbilandi kjark, ríka réttlætiskennd og mannúð.

6. desember 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).